

## VEGLÝSING UTAN ÞÉTTBÝLIS, LEIÐBEININGAR

### ÁGRIP

Vegagerðin veitti fé árið 2008 til gerðar leiðbeininga um veglýsingu utan þéttbýlis. Leiðbeiningarnar skyldu nýtast veghönnuðum og öðrum er koma að lýsingu vega í umsjá Vegagerðarinnar. Þar yrði svarað spurningunni hvenær skal lýst og þá eftir hvaða kröfum?

Talin var ástæða til að móta stefnu í þessum efnum og útbúa leiðbeiningar sem mætti nota við ákvarðanatöku um lýsingu, gæðakröfur sem henni skyldu þá settar og að endingu koma fram með hugmyndir að útfærslu m.a. með tilliti til öryggismála.

Meginmarkmiðið og yfirskrift verkefnisins: Samræming veglýsingar á landsvísu.

Samræmd stefna um veglýsingu er til þess fallin að auka einsleitni og að þegar lýst er sé það gert á fullnægjandi hátt, bæði hvað varðar lýsingargæði og umferðaröryggi. Mat á aðstæðum og þörf á lýsingu verði með vísan til handbókar unnið á sömu forsendum.

Verkefnið hefur byggst á gagnaöflun og gerð leiðbeininga með það í huga að fá þær gefnar út af Vegagerðinni sem gagn í flokki 4: Handbækur og leiðbeiningar (grænn auðkennislitur).

Við lestur staðla/reglna/meðmæla sést að grunnhugmynd/markmið veglýsingar er að draga úr umferðaróhöppum. Við gerð leiðbeininganna er því valið að líta á lýsingu sem öryggismál eingöngu. Lýsingarkerfi fylgir kostnaður, bæði í upphafi og í rekstri og ávalt þarf að meta áhrif annars konar ráðstafana til að auka umferðaröryggi. Getur verið að lýsing sé ekki málið?

Megin niðurstaðan er að vegir utan þéttbýlis skuli ekki lýstir. Eigi að koma til álita að víkja frá þeirri reglu þurfi að liggja fyrir gild rök sem sýna fram á árangur af lýsingu vegar. Ákveðin svæði vega þykir þó rétt að lýsa og almennt talið að það skili tilætluðum árangri.

Óvarðir vegfarendur, gangandi eða hjólandi, eru í mestri hættu með að slasast alvarlega í umferðaróhöppum. Því er eðlilegt að sérstakt tillit sé tekið til þeirra í umfjöllun um veglýsingu.

Í ljóstæknilegu tilliti er mælt með því að ef lýsa á veg eða hluta hans, séu kröfur skv. staðli ÍST EN 13201-2:2003, Road lighting - Part 2: Performance requirements.

Nú er handbókin orðin að veruleika og útgáfa hennar stendur fyrir dyrum. Handbókinni er skipt í eftirtalda kafla:

<i>Hugtakalisti</i>	<i>Hvenær á að lýsa veg?</i>	<i>Lýsingarkröfur</i>
<i>Dæmigerðar lausnir</i>	<i>Tæki og búnaður</i>	<i>Heimildasafn.</i>

Eðlileg viðbót við bókina er frekari umfjöllun um þann búnað og tækni sem er talin henta og samspil lýsingarkerfis og tilheyrandi virkis við veginn og annan vegbúnað.

Örn Guðmundsson verkfræðingur hjá VSB Verkfræðistofu ehf. hafði umsjón með gerð leiðbeininganna í samstarfi við Ernu Hreinsdóttur verkefnastjóra á veghönnunardeild Vegagerðarinnar. Verkefnið hefur verið kynnt og fengið umfjöllunar innan Vegagerðarinnar og handbókin verið tekin þar til yfirlstrar.